

7 HÁSKÓLAR – UMSAGNIR

7.1 Háskólar

7.1.1 Námsgráður

7.2.2 Háskólastarf

7.3.3 Nemendur

7.4.4 Heimsóknir

7.2 Umsagnir um nokkrar bækur TV

7. HÁSKÓLAR – UMSAGNIR

7.1 Háskólar

7.1.1 Námsgráður

Dipl. Ing. Architect, af skipulagslínu, Tækniháskólinn í Vestur Berlín, 1972. Diplóm ritgerð: "Kritik und Anwendung der Morphologie als Entwicklungsmethode im Bauentwurfsprozess".

Ph.D. í ENVIRONMENTAL PLANNING, Kaliforníuháskóli, Berkeley, 1987. Dr.ritgerð: "A Theory of Integration in Design and Planning Based on the Concept of Complimentarity".

7.2.2 Háskólastarf

Ráðinn dósent í skipulagi og umhverfisfræðum í ágúst 1988. (37% staða).

Lektor í skipulagi og umhverfisfræðum 1992-1994. (Full staða).

Dósent í skipulagi og umhverfisfræðum 1994-2000. (Full staða).

Prófessor í skipulagi og umhverfisfræðum 2000-2016. (Full staða).

Prófessor emerítus síðan 2016 til eilífdar, og jafnvel lengur. (Nýtur ýmsrar aðstöðu í HÍ).

TV hefur í ellistandinu, eflt heimasíðu sína við HÍ, og sett þar m.a. inn, hinar 14 bækur sínar, bæði sem pdf- og hljóðbækur. - TV hefur einnig komið að kennslu (mínus cóvid) við HÍ LbhÍ, HR og Listaháskólann. Hann hefur einnig verið leiðbeinandi við MS ritgerðir og prófdómari við margar MS ritgerðir við LbhÍ og HR um skipulag. Þannig hefur hann reynt að styðja við starfsemi er tengist skipulagi við þessa skóla.

TV starfaði við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild HÍ, sem hét Byggingarverkfræðiskor HÍ til 1994. Próf. Ragnar Sigbjörnsson og TV unnu að breytingunni á nafninu, sem stjórnendur skorarinnar, og TV talaði fyrir, og bar upp til samþykktar, í skor.

Mikil breyting er varðar umhverfis- og skipulagsmál við Háskólann og deildina, var er TV var veitt 100% staða 1992. Áður hafði hann reyndar tekið að vinna að umhverfis- og skipulagsúttektum við Verkfræðistofnun HÍ. Hafði hann t.d. frumkvæðið að fyrsta slíku verkefni hjá VHÍ, sem var Fossvogsbrautarmálið 1990. Næsta verkefni var svo Fiskadauði í Eiðsvík 1991.

Sú breyting, að orðið „umhverfisverkfræði“ var sett inn nafnið á skorinni, var ekki nafnbreytingin ein, heldur var ákveðið að leggja aukna áherslu á umhverfisþátt mála í öllum námsskeiðum. T.d. breytti TV nafninu á aðalnámsskeiði sínu; Byggðarskipulag, í Umhverfisskipulag.

TV og próf. Júlíus Sólnes stofnuðu tvö ný, stutt námsskeið; Verkfræðingur og umhverfi og Ábyrgð verkfræðinga. Í hinum nýja þverfaglega anda, fengu þeir hinar verkfræðideildirnar til að samþykkja einingar úr þessum námsskeiðum, þó ekki sem hluta af skyldustigum.

Lengi var mikill fjöldi nemenda í þessum námsskeiðum, og voru þau mikil „mjólkurkúr“ fyrir deildina. Birgir Jónsson dósent kom að kennslunni 1999. Árið 2007 var ákveðið að búa til nýtt, heilt námsskeið fyrir UB deild til að taka við af stuttu námsskeiðunum tveimur. Heitir það Starf og ábyrgð verkfræðinga. Því miður töpuðust flestir stúdentanna úr öðrum deildum við þetta. Unnu TV, Birgir og Hrund Ó Andradóttir, dósent, að mótun námskeiðsins.

Sá fyrsti til að sinna umhverfismálunum í breiðum skilningi í HÍ, var Einar B. Pálsson, prófessor í okkar skor/deild. Hann stofnað námsskeiðið Umhverfismál 1974, sem var röð fyrirlestra fróðustu manna um þessi mál, og var þetta fyrsta fyrirlestrarröðin sem var opin almenningi um umhverfismál við HÍ.

TV tók við umsjón námsskeiðisins 1989. Árið 1992 var ákveðið að gefa fyrirlestrana út sem fjölrit vegna 80 ára afmælis Einars. Um þetta segir Þorsteinn Helgason, deildarforseti, í formálanum: „TV tók að sér ritstjórn verksins og hefur hann, ásamt öðrum fyrirlesurum námsskeiðisins á haustmisseri 1991, lagt geysimikið starf í að breyta upphaflegum texta af segulbandi í það form, sem nú birtist hér.“

TV gerði ýmislegt annað til að halda starfi Einars og skorarinnar á lofti, eins og t.d. að hafa frumkvæðið, og að gangast fyrir því, sem er líklega fyrsta ráðstefnan um umhverfismál við Háskólann, var haldin. (Í mars 1990). Nefndist ráðstefnan; Hlutverk Háskólans í umhverfismálum. TV tók saman og skorin birti fjölrit með útdráttum erindanna, og TV safnaði saman, að auki, öllum þeim námsskeiðslýsingum úr Kennslukrá HÍ, sem höfðu e-h tengingu við umhverfismál, og birti líka í fjölritinu.

Árið 1996 stofnuðu TV og Júlíus námsskeiðið Mat á umhverfisáhrifum. Var það valnámsskeið, kynnt í öllum Háskólanum. Birgir kom að kennslunni 2001, en hlutur Júlíusar minnkaði. Árið 2006 stofnuðu TV og Birgir námsskeiðið Umhverfismat áætlana. Stundakennarar hafa mikil kennt þar í seinni tíð, en námsskeiðið er fjölsótt.

Árið 2007 ákváðu TV og próf. Guðmundur Frey Úlfarsson að endurvekja námsskeiðið Byggðarskipulag, en nú sem valnámsskeið. Kenndu þeir það sem skipulagsstúdíó í nokkur ár á ensku. Var það mjög fjölsótt og um helmingur nemendanna erlendir.

Um líkt leiti tóku TV og Guðmundur Freyr (og að hluta SMG) að skrifa greinar og halda erindi um hnattræna hlýnun og norðurslóðamál. Var búin til vefsíða með ýmsum undirflokkum, og þeir þrír leiðbeindu í einu MS verkefni um þetta. En nú leið að starfslokum hjá TV og GFÚ hvarf að mestu til stjórnunarstarfa. Varð því ekki meira úr hinu merka starfi þeirra með skipulagsstúdíóinu og norðurslóðamálum.

Þegar TV lauk störfum vegna aldurs 2016, tók Jukka Heinonen, dósent, síðar prófessor, við námsskeiðinu Umhverfisskipulag. Hann breytti námsskeiðinu, til að fella það að sínu sérsviði, sem eru útreikningar á CO2 útblæstri mismunandi skipulagsforma. Að sjálfsögu eru dæmin aðallega erlend. Var mikil nauðsyn á að koma slíku námsskeiði á fót, en TV finnst miður að „Skipulag byggðar á Íslandi“, - sem var nafnið á kennslubókinni sem hann skrifaði fyrir námsskeiðið, – skuli ekki vera lengur kennt við deildina og Háskólann, og ekki heldur Skipulagsstúdíóið!

TV ásamt fulltrúum deilda og félags skipulagsfræðinga, komu að tveimur tilraunum til stofnunar námsbrautar í skipulagi við HÍ, tilraunum sem ekki tókust. Bæði er að skipulag er orðinn snar þáttur í þjóðlífinu, og svo skipulagsfræðingur lögverndað starfsheiti, og því eftir nokkru að slægjast fyrir nemendur.

TV hefur sinnt nokkrum öðrum störfum fyrir deildina og HÍ. Hann var fyrst varaskorarformaður með Ragnari Sigbjörnssyni, og síðan skorarformaður (kallast nú deildarforseti) í Byggingarverkfræðideild HÍ 1993-1995. Þeir Ragnar gerðu fyrsta bæklinginn um deild í HÍ, 1993. Síðan 20 síðna bækling. TV var ritstjórinn. Árið 1999 bað Björn Kristinsson, deildarforseti Verkfræðideildarinnar gömlu, að stjórna og ritstýra fyrsta kynningarbæklingi hennar. Lagði ég til að allar adressur verðandi stúdenta af náttúru- og stærðfræðideildum framhaldsskóla yrðu fengnar, og bæklingurinn sendur þeim heim. Í lokaræðu sinni á Hátíðarsal þakkaði Björn tilkomu bæklingisins mikla fjölgun stúdenta, og þakkaði TV sérstaklega. – Bæklingurinn var síðar notaður sem grunnur að heimasíðu Verkfræðideildarinnar.

Í „Mótun framtíðar“ segir TV svo frá: „... Næsta stóra tækifæri sem mér bauðst til að hafa áhrif á mótun framtíðarstefnu, var þegar síðasti forseti verkfræðideildarinnar gömlu, Ebba Þóra Hvannberg, fékk mér það verkefni að skipuleggja sex míní-ráðstefnur undir heitinu „Verkfræðin í heimi framtíðarinnar“, sem fóru allar fram vorið 2008. Á þessum ráðstefnum lýstu alls fimmtán virtir fyrirlesarar því sem helst væri að vænta í þróun samfélags og verkfræði, en af þeim voru fjórir fengnir erlendis frá, sem auðvitað var kostnaðarsamt, en mjög nytsamlegt...“ (Bl. 178).

Um stefnumótunarvinnu fyrir eigin deild segir TV: „... Í viðbót við að fá að hafa verið skorarformaður og ritstýrt kynningarritum 1993-2005, þar sem m.a. var unnið að uppbyggingu meistaranáms, komst ég loks að því, að verulega vinnu þurfti að leggja fram í okkar deild við að koma MS náminu í fast form. Okkur hafði gengið frekar hægt að fjölga nemendum í MS náminu og kenndum við þar um að skipulagið væri ekki nógu skýrt...

Mynduðum við því, nokkrir kennaranna, hóp til að móta MS námið nánar og til að undirbúa kynningarátak. Skilgreindum við nú námsbrautirnar og valfögin nánar, og settum upp í töflur. Í kjölfarið bjuggum við Sigurður Magnús Garðarsson til kynningarbæklinga bæði á íslensku og ensku um MS námið. Voru þeir prentaðir og sendir víða og fjölgaði MS nemunum nokkuð eftir það...“ (Bl. 178).

Nokkru síðar heldur TV (ég) áfram: „... Næsta tækifæri mitt til stefnumótandi vinnu, við atburði sem fjölluðu um framtíðarviðfangsefni verkfræðinnar – og þar með heimsins – var þegar ég var gerður að formanni undirbúningsnefndar verkfræðideildanna þriggja, vegna 100 ára afmælis HÍ 2011. Fékk Verkfræði- og náttúruvísindasviðið aprílmánuð úthlutaðan til að vera með sína 35 atburði...

Vegna þess að hinn nýi sviðsforseti, Kristín Vala Ragnarsdóttir, er mikil áhugamanneskja um umhverfismál, gætti þeirra verulega á dagskránni og hafði ég ánægju af að leggja þeim áherslum lið, í mínu starfi við að skipuleggja atburðina...“ (Bl. 179).

Taka skal fram að þessi vinna var nær ólaunuð og ekki metin til neins í punktakerfi Háskólans.

Ég vann ýmsar rannsóknar tengdar skipulagi háskólalóðarinnar. Árið 1991 unnum við í þessu í skipulagsnámsskeiði mínu, og gerðum vídeóíð „Skipulag í brennidepli“. Sjá: <https://www.youtube.com/watch?v=aXOMXnt6dFE> (13 mín.).

Árið 2014 sat ég í dómnefnd í samkeppni um fyrsta heildarskipulag Háskólasvæðisins. Um þetta segi ég í „Mótun framtíðar“: „... Þegar leið á dómnefndarstörfin sá ég að Háskólinn hafði gert mikil mistök að samþykkja að vera í miklum minnihluta í þessari nefnd, sem ákveða skyldi meginlínurnar í framtíð skólans...“

Verst finnst mér að bæði tillöguhöfundar og hinir í dómnefndinni, tóku undir þá stefnu Reykjavíkur, að troða lítt skyldri starfsemi inn á svæðið. Sem dæmi má nefna að ein tillagan gerði ráð fyrir átta einbýlishúsalóðum í miðju svæðinu!“ (Bl. 188).

7.3.3 Nemendur

Margir stúdentar TV við U&B deild, fóru erlendis í framhaldsnám, í greinum er tengjast skipulagi (einkum samgöngum), og hafa starfað á því sviði á Íslandi (TV til ánægju). Nokkur nöfn: Orri Gunnarsson, Hrund Skarphéðinsdóttir, Smári Johnsen, Samúel T. Pétursson, Þorsteinn Hermannsson, Árni Freyr Stefánsson...

7.4.4 Heimsóknir

Gistiprófessor og rannsóknaleyfi við marga erlenda háskóla. FARRAND gistiprófessor við LEPD deildina við University of California, Berkeley, haustönn 2004. (Kennslustaða).

7.2 Umsagnir um bækur TV

TV hefur gefið út 14 bækur, og eru umfjallanir um þær úr blöðum og tímaritum, í hnöppum við hverja bók, þar sem þær eru birtar sem pdf- og hljóðbækur, undir BOOKS: <https://notendur.hi.is/tv/>

Hér verður aðeins gefið sýnishorn umsagna um þrjár bókanna. Tvær þeirra hafa líka komið út á ensku, í þýðingu TV. Sú þriðja var frumsamin af TV á ensku.

1) „**MÓTUN FRAMTÍÐAR**“, 2015 Starfsævisaga TV: Umsagnir og umfjallanir á 44 síðum: https://notendur.hi.is/tv/Content/Reviews/IMG_ReviewsEtcMotunFramtidar.pdf

DÆMI:

Joe McBride PhD, prófessor við LAEP deild í Kaliforníuháskóla í Berkeley: „Bókin Mótun framtíðar ætti að vera skyldulesning í fyrstu námskeiðum í arkitektúr, landslagsarkitektúr og í skipulagi. Þetta ætti að vera vegna þess að bókin veitir innsýn í skipulagsmál á 20. öld, og einnig vegna þess að bókin mun geta örvað stúdentar til að verða hugrakkir og skapandi hugsuðir.“

Galen Cranz PhD, prófessor í arkitektúr í Kaliforníuháskóla í Berkeley: „Ég sé að...þú hefur þjónað landi þínu af köllun og af heilum hug.“

Guðmundur Freyr Úlfarsson PhD, prófessor í samgönguverkfræði við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild HÍ: ... „Bókin er því ekki aðeins fróðleikur um söguna heldur einnig leiðarvísir fram á við, sem sýnir okkur mikilvægi þess að hugsa langt fram í tímann...“

Birgir Jónsson, dósent í jarðverkfræði við UB-deild Háskóla Íslands: „...þar valtar hann hressilega yfir móðernista í arkitektúr (kassastefnumenn), en hampar klassískri og þjóðlegri byggingarlist...“.

Hrafn Gunnlaugsson, kvikmyndahöfundur: ... „Í mínum huga er Trausti frumlegasti hugsuður sem Ísland hefur átt þegar kemur að skipulagsmálum; stórra hugmynda, sem eins og sjái fram í tímann, ekki bara fyrir næsta horn, heldur það þar-næsta líka.“

Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands: „... Trausti skapar kerfi og ferilshugsun við hina fjöhlíða hönnun sína... Þar kemur hann böndum á frjóa skapandi hugsun og byggir ofan á með rökrænni aðferð, sem er undirstaða framúrskarandi hönnunar.“ „... Frásagnir Trausta og myndir á DVD-diski sem fylgir bókinni, eru mjög upplýsandi.“

Sigurður Örylgsson, listmálari: „... Þarna kemur næmni Trausta á persónuleika, og gríðarlegt myndlistartalent, í ljós.“

Pétur H. Ármannsson, arkitekt: „... Í þessari bók horfir helsti framtíðarhugsuður þjóðarinnar, Trausti Valsson, í gagnstæða átt.“ „... skyldulesning fyrir námsmenn og alla sem áhuga hafa á hugmyndasögu skipulags og mótun manngerðs umhverfis.“

Goddur – Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor við Listaháskóla Íslands: „... Bókin er verðmæt vegna þess að hún er einlæg, afhjúpanði og opinská...“ „Hún er boðberi, grundvölluð á upplýsingum, þekkingu og visku!

Sr. Kristinn Ág. Friðfinnsson: „... Ég hreinlega man ekki eftir að bók hafi gefið mér jafn mikið og þessi bók... Fyrir utan sérlega spennandi og skapandi hugmyndasögu þína, er bókin líka dýrmætt framlag til almennrar samtíðarsögu...“.

Hilmar Þór Björnsson arkitekt: „... Fyrir tæpu ári kom út stórmerkileg bók Trausta Valssonar... Bókin fjallar um æfistarf Trausta og skipulagshugmyndir frá öndverðu með áherslu á tímabilið frá stúdentabyltingunni 1968... frábær bók sem opnar hugmyndaheim umhverfismótunnar fyrir fólki þannig að það skilur samhengið betur eftir að hafa lesið hana...“.

Sigmundur Davíð, forsætisráðherra, við opnun sýningar TV í Þjóðarbókhöllu 1. okt. '15: „...að sjá alla þessa sögu saman komna í þessari bók, það sýnir manni hversu einstakur ferill Trausta er og hversu fjölbreytilegur hann er“. „...á mjög mörgum sviðum, sem að skipta gríðarlega miklu máli, hefur framlag Trausta verið í raun ómetanlegt“.

Stefán Ólafsson, prófessor: „Trausti hefur verið afar hugmyndaríkur hönnuður og sett fram margar stórar skipulagshugmyndir sem sumar hafa lifað lengi. Rótin að því er sú, að Trausti hefur verið ófeiminn við að hugsa út fyrir kassann“. „Það er hins vegar til marks um lagni Trausta að hann hefur komist upp með að hreyfa meira við því viðtekna en flestir...“.

Jóhannes Björn, rithöfundur: „Hvort sem mönnum líkar eða mislíkar einstakar hugmyndir hans, þá leikur ekki vafi á að Trausti er yfirburðamaður á sínu sviði með djúpan skilning á faginu.“

Örnólfur Hall, arkitekt: „Gríðarlegur fróðleiksbrunnur um skipulagsmál eftir meistara Trausta. Holl lesning fyrir alla lærða og leika. Holl, upplýsandi og lærdómsrík lesning fyrir skipulagsyfírvöld í Reykjavík & skipulagsyfírvöld ríkisins”.

Sr. Baldur Kristjánsson: „... Úr fjarlægð fylgdist maður með Trausta ganga á hólmi við viðtekna hugmynd um landið... m.a. með því að gera ráð fyrir og teikna upp hálendisvegi... Ég hef ekki kynnst manni ennþá, sem fær jafnmikið af hugmyndum... Og bókin er uppspretta sögu og hugmynda. Hlýtur að verða skyldulesning... Frábær og skemmtileg bók.“

Póroddur Bjarnason, prófessor: „Aldeilis frábær bók...“.

FB-síða bókarinnar heitir Mótun framtíðar: <https://www.facebook.com/MotunFramtidar>

2) „SKIPULAG BYGGÐAR Á ÍSLANDI – FRÁ LANDNÁMI TIL LÍÐANDI STUNDAR“, 2002. - Umfjallanir um bókina eru á 35 síðum á:

<https://notendur.hi.is/tv/Content/Reviews/ReviewsEctPIIcelSkiBy.pdf>

DÆMI:

Sir Peter Hall, prófessor, UCL London: „TV hefur unnið einstakt afrek í fræðimennsku...“ „Bók TV setur ný viðmið í sagnfræðilegri fræðimennsku og býr til módel sem fræðimenn í öðrum löndum geta fylgt.“

Styrmir Gunnarsson, ritstjóri: „Með þessu riti hefur Trausti Valsson lagt grundvöll að því að við Íslendingar öðlumst meiri yfirsýn yfir þau málefni, sem varða þróun byggðar á Íslandi og skipulag hennar. Stórfróðleg bók, og ég tel að hún eigi eftir að hafa mikla þýðingu...“.

Romina Peritore, í Planum: „... a comprehensive study of the evolution of human habitat in relation to the forces of nature. Iceland is a country with a low population density, characterized by considerable variations in topography, a wide variety of natural resources, which is undergoing economic and social transformations...“.

Peder Anker, prófessor, í Environmental History: „... This extraordinary history of Icelandic settlement policies pays tribute to the important role of urban and regional planning. It is a fine piece of scholarship in which Trausti Valsson describes the history of Icelandic landscapemanagement, with an emphasis on more recent planning processes...“.

3) „HOW THE WORLD WILL CHANGE – WITH GLOBAL WARMING“. 2006. - Umfjallanir um bókina eru á 39 síðum á:

<https://notendur.hi.is/tv/Content/Reviews/ReviewsEctHowTheWorld.pdf>

DÆMI:

Sir Peter Hall, prófessor, UCL London: „... TV is an academic who is not afraid to be controversial. In his new book he argues that global warming can be good for you – if you happen to live in the northern extremities of the globe...“.

Ole Damsgaard, Director of Nordregio: „Valsson's new book is at the same time provoking and refreshing, because it counteracts the prevailing discourse, viewing the climate changes foremost as a disaster and instead introduces a historic-geographical perspective in the discussion, focusing on possibilities, seen from a high North perspective...“.

Gunnar Pálsson, Ambassador, Chairman, Senior Officials, Arctic Council: „... Professor Valsson offers a new and a daring perspective on the climate change debate, highlighting opportunities that may come about in the Northern regions, as a result of global warming...“.

Snorri Baldursson, Member of the ACIA Assessment Integration Team: „In his latest book Professor Valsson, takes a "planners look" at a globe faced with climate change. His main conclusion is that while southern regions may suffer from these changes, the Arctic and Sub-Arctic regions will benefit... overall due to increased biological production... This is certainly a fresh perspective, which will be much discussed and debated in Arctic circles and elsewhere...“.

Thor Jakobsson, Head, Marine Meteorology and Sea Ice, IMO: „... Professor Valsson's book is a ground breaking work, which is likely to be of great use...“.

Heimasíða TV er á: <https://notendur.hi.is/tv/> Þar er t.d. hönnun og myndlist TV, ljósmyndir ofl.